

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
84. fundur –13. desember 2004**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 13. desember 2004, að Hliði á Álfanesi og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna heilbrigðiseftirlitsins. Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóriritaði fundargerð. Árni Sverrisson, boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 83. funda heilbrigðisnefndar

Samþykkt.

2. Fundargerð 71. starfsmannafundar frá 8. desember 2004

2.1 Starfsleyfi.

Garðabær

2.1.1 Garðaflöt 16–18, Garðabæ - sjúkraþjálfun.

Lögð fram umsókn Gauta Grétarssonar, fh. Sjúkraþjálfunar Reykjav/Garðab ehf., kt. 630290-1049, dags. 08.12.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjúkraþjálfunar að Garðaflöt 16-18, Garðabæ. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.2 Garðaflöt 16–18, Garðabæ - hársnyrting.

Lögð fram umsókn Gerðar Helgu Jónsdóttur, fh. Madonnu G.H.J., hárgreiðslustofu, kt. 701187-1489, dags. 08.12.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtingar að Garðaflöt 16-18, Garðabæ. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

Hafnarfjörður

2.1.3 Eyrartröð 13, Hafnarfirði - fiskvinnsla.

Lögð fram umsókn Guðna H. Gunnarssonar, fh. Írafells ehf., kt. 640898-2249, dags. 23.11.2004 þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu og söltunar að Eyrartröð 13, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og með fyrirvara um að gengið verði frá mengunarvörnum á fráveitu.

2.1.4 Fífuvellir 16, Hafnarfirði - hársnyrtistofa.

Lögð fram umsókn Brynju Sigurðardóttur, kt. 240367-5729, dags. 26.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Fífuvöllum 16, Hafnarfirði. Ný starfsemi
Frestað og óskað eftir staðfestri byggingarnefndarteikningu.

2.1.5 Melabraut 19, Hafnarfirði - verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.

Lögð fram umsókn Franks Witascheck, fh. Tveir + einn ehf, kt. 411004-2360, dags. 06.12.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni að Melabraut 19, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.6 Skútahraun 7, Hafnarfirði - bónstöð.

Lögð fram umsókn Antons S. Rúnarssonar, fh. Baugáss ehf., kt. 581104-2510, dags. 26.11.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Skútahrauni 7, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 15 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Kópavogur

2.1.7 Akralind 3, Kópavogi - verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.

Lögð fram umsókn Ingvars Ólafssonar, fh. Lín ehf., kt. 520184-0589, dags. 08.12.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni að Akralind 3, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.8 Hamraborg 20a, Kópavogi - nuddstofa og húðgötun.

Lögð fram umsókn Wei Zhang, kt. 280660-2219, dags. 01.12.2004, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu og húðgötunar að Hamraborg 20a, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi fyrir nuddstofu til 4 ára. Leyfi til húðgötunar er háð samþykki landlæknis.

2.1.9 Smiðjuvegur 4, Kópavogi - verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.

Lögð fram umsókn Guðfinnu Hjálmarsdóttur, dags. 01.12.2004, fh. Litir og föndur – Handlist ehf., kt. 540297-2319, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.10 Smiðjuvegur 4, Kópavogi - snyrtistofa.

Lögð fram umsókn Drífu Gústafsdóttur, dags. 28.11.2004, fh. Snyrtistofunnar Dís ehf., kt. 481004-3650, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.2 Umsagnir.

Hafnarfjörður

2.2.1 Ásgarður, Garðabæ - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 30.11.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Páls Grétarssonar, sem sækir um veitingaleyfi fyrir félagsheimili Stjörnunnar við Ásgarð í Garðabæ. Rekstraraðili er UMF Stjarnan kt. 611175-0199.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn.

Kópavogur

2.2.2 Hagasmári 1, Kópavogi - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 25.11.2004 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Davíðs Stefáns Hanssens, fh. Asían express ehf, kt. 431103-2810, til að reka veitingastofu í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3. Geymsla og flokkun jarðefna

Lögð fram að nýju umsókn Braga Sigurjónssonar, dags. 20. október 2004, þar sem sótt er um leyfi til geymslu og flokkunar jarðefna að Geirlandi við Suðurlandsveg í Kópavogi.

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar, dags. 18. október 2004 þar sem gerð er grein fyrir landnotkun á svæðinu og aðlöguð að aðalskipulagi sem staðfest var árið 2002.

Lögð fram athugasemd sem barst á kynningartíma starfsleyfis.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita starfsleyfi til 24. október 2007 með vísun til ákvæða 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

4. Krísuvíkurvegur, Hraunhella – Hamranes, Hafnarfirði

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 29. nóvember 2004 þar sem óskað er álits um hvort framkvæmdin Krísuvíkurvegur, Hraunhella-Hamranes, Hafnarfirði, skuli háð umhverfismati.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Það er mat heilbrigðisnefndar að framkvæmdin þurfi ekki að fara í umhverfismat.

5. Sumarbústaður á Klifsholti, Hafnarfirði

Lagt fram erindi Jóns Vignis Karlasonar, dags. 29. nóvember 2004 varðandi breytingu á sumarbústað hans á Klifsholti við Kaldárselsveg í Hafnarfirði. Sumarbústaðurinn er á grannsvæði vatnsbóla sbr. samþykkt svæðisskipulag og aðalskipulag.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Með vísun til ákvæða 13. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, með síðari breytingum felst heilbrigðisnefnd á framkomið erindi enda breytist ekki notkun bústaðarins úr frístundahúsnæði.

6. Aðgangur Umhverfisstofnunar að rannsóknarniðurstöðum

Lögð fram yfirlýsing sem heimilar aðgang Umhverfisstofnunar að niðurstöðum rannsókna sem unnar eru fyrir heilbrigðisnefndir.

Heilbrigðisnefnd samþykkir yfirlýsinguna.

7. Önnur mál

7.1 Framkvæmd eftirlit

Ræddar verklagsreglur fyrir undirbúning umsagna um gisti- og veitingaleyfi og áfengisveitingaleyfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.30

Loftur Þór Pétursson

Andrés Pétursson

Gestur Pétursson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Richard Hansen

Sigurgeir Ólafsson